

Ed.

417. Frumvarp til laga

[170. mál]

um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Fiskur: Fiskur, sem veiddur er í sjó, þar með talin síld, krabbadýr og skeldýr, og ætlaður er til manneðis.

Fiskafurðir: Afurðir, sem framleiddar eru úr fiski veiddum í sjó og ætlaðar eru til manneðis.

Eftirlit: Reglubundnar skoðanir og sýnishornataka, þegar hún á við, til að fylgjast með framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum fyrirtækis og meðferð, gæðum og flokkun vöru.

Mat: Skoðun og flokkun vörunnar allrar með tilliti til ákveðinna gæðaflokka eða staðla.

Lög þessi taka ekki til saltsildar.

2. gr.

Allur fiskur, sem landað er, skal háður eftirliti, þar til hann hefur verið unninn eða honum ráðstafað á annan hátt.

Allur fiskur eða fiskafurðir, sem fluttar eru út, skulu háðar eftirliti eða vera metnar, nema hvort tveggja sé. Undanþegnar eru þó sýnishornasendingar, svo og eigin afli, er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Setja má reglur um þennan útflutning.

3. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skal, að fengnu álitum Fiskmats ríkisins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og helztu samtaka útvegsmanna, sjómanna og eigenda fiskvinnslustöðva, setja reglugerðir og erindisbréf um framkvæmd laga þessara, og

sé þar meðal annars kveðið á um eftirtalin atriði til tryggingar því, að fiskur og fiskafurðir, sem fluttar eru út frá Íslandi, séu góð og heilnæm vara:

1. Búnað og þrif fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Meðferð, geymslu og flutning á fiski og fiskafurðum.
3. Framleiðsluhætti, umbúðir og merkingu, svo og vörustaðla fyrir fisk og fiskafurðir.
4. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.
5. Eftirlit með útskipun, hleðslu og meðferð fisks og fiskafurða við útflutning.
6. Útgáfu vottorða um eftirlit og mat fiskmatsins.
7. Bann við því, að verkaður sé fiskur undir tiltekinni lágmarksstærð eða fiskur, sem veiddur hefur verið á þeim svæðum eða árstíma, að ástæða sé til að ætla hann gallaðan.
8. Bann við því, að einstakar fiskvinnslustöðvar taki við meiri fiski en svo, að þær geti verkað hann, áður en hann skemmist.
9. Kröfur um menntun og reynslu forstöðumanna Fiskmats ríkisins og einstakra deilda þess, yfirfiskmatsmanna, fiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun.
10. Starfssvið starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Með samþykki ráðherra er fiskmatsstjóra heimilt að gefa út fyrirmæli um framkvæmdaatriði samkvæmt lögum þessum.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 46/1948 og nr. 42/1960, halda gildi sínu, eftir því sem við á.

4. gr.

Fiskmat ríkisins annast eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum samkvæmt lögum þessum. Sjávarútvegsmálaráðherra hefur yfirumsjón þeirra mála.

Fiskmat ríkisins skiptist í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar.

Ráðherra getur fjölgað deildunum, þegar þörf krefur. Eftirlit með niðursuðuvörum og mat á meðalalýsi skal falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

5. gr.

Verkefni ferskfisk- og freðfiskdeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með búnaði og þrifum fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og fiskflutningatækja.
2. Eftirlit með gæðum og meðferð nýs og ísaðs fisks, sem ætlaður er til vinnslu eða útflutnings.
3. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frysts fisks og fiskafurða.
4. Gæða- og stærðarflokkun á ferskum og frystum fiski, samkvæmt ákvörðun ráðherra.
5. Veiting leiðbeininga um vinnslu á fiski, sem er í verkahring hennar, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

6. gr.

Verkefni saltfisk- og skreiðardeildar eru eftirfarandi:

1. Eftirlit með þrifum saltfisk- og skreiðarhúsa.
2. Eftirlit með framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi saltfisks, saltaðra fiskafurða og skreiðar.
3. Gæðamat og stærðarflokkun á saltfiski og skreið til útflutnings.
4. Veiting leiðbeininga um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

7. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fenginni umsögn samtaka hinna ýmsu framleiðslugreina.

Nú skal skipa deildarstjóra eða yfirfiskmatsmann eða ráða mann til starfa við Fiskmat ríkisins, og skal þá áður leitað álits viðkomandi yfirmanns um umsækjendur.

9. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu.

Deildarstjórar skulu vera tveir. Þeir veita forstöðu hvor sinni deild í Fiskmati ríkisins, sbr. 4. grein, og stjórna eftirliti og fiskmati, sem undir deildina fellur. Þeir hafa eftirlit með störfum yfirfiskmatsmanna.

Yfirfiskmatsmenn eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landslutum og hafa umsjón með öllu eftirliti og mati í umdæmi sínu. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Heimilt er, að yfirfiskmatsmaður annast fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri. Heimilt er að takmarka starfssvið þeirra við ákveðnar framleiðslugreinar. Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsmenn, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins, skulu framkvæma, undir umsjón yfirfiskmatsmanna, eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir fiskmatsmenn, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Nánar skal kveðið á um ráðningu fiskmatsmanna, starfssvið þeirra og annað í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fiskisins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.

11. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverzlun, og taka við nokkurri þóknun frá eigendum fiskis, fiskafurða og fiskvinnslustöðva, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

12. gr.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirfiskmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríkisins.

Þeir, sem flytja út farma af fiski, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfir fiskmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verzlur með fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Fiskmats ríkisins allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynleg við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar um verkun, geymslu og flutning fisks og fiskafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Fiskmats ríkisins er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og fiskafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða fiskafurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

15. gr.

Fiskmatsstjóri, deildarstjórar, yfirfiskmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og fiskafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, fiskvinnslustöðvar eða fiskflutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða fiskafurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt 3. grein laga þessara. Starfsmönnum Fiskmatsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða fiskafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgr., og ber þá Fiskmati ríkisins að leyfa, að sá fiskur eða fiskafurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal hanni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Fiskmatsstjóri úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fisks eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

16. gr.

Nú er fersksild, saltsild, lýsi, niðursuðuvörur, fiskmjöl eða aðrar sjávarafurðir, sem eigi eru beinlínis háðar eftirliti eða mati Fiskmats ríkisins, seldar samkvæmt sýnishornum, eða afla þarf um afurðir þessar opinbers gæðavottorðs, er byggt sé á rannsókn sýnishorna, og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrir mælum rannsóknaraðila.

17. gr.

Sjávarútvegsráðgjafar herra getur skipað 5 manna ráðgjafanefnd við Fiskmat ríkisins. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Landssamband íslenskra útvegsmanna, einn mann, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands sameiginlega einn mann, Sólusamband íslenskra fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleið-

enda, sameiginlega einn mann, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenskra samvinnufélaga, sameiginlega einn mann.

Forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á sæti í nefndinni og er hann jafnframt formaður hennar.

Varamaður forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skal tilnefndur af þeirri stofnun og er hann jafnframt varaformaður nefndarinnar.

Nefndin fylgist með rekstri Fiskmats ríkisins og er tengiliður milli þess annars vegar og sjávarútvegsins hins vegar. Nefndin skal vera ráðgefandi um framkvæmd laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna.

18. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi $1\frac{1}{2}\%$ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og renna í ríkissjóð.

20. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

Lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit.

Lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1965 afhenti Fiskmatsráð sjávarútvegsmálaráðuneytinu uppkast af frumvarpi til laga um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum ásamt greinargerð. Í greinargerðinni segir m. a.:

„Í lögum um ferskfiskeftirlit frá 9. júní 1960 er kveðið svo á, að Fiskmatsráð, sem fer með yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins, skuli endurskoða á næstu tveim árum lög og reglur um fiskmat. Þann 14. september sama ár skipaði sjávarútvegsmálaráðuneytið eftirtalda menn til að taka sæti í ráðinu:

Bergstein Á. Bergsteinsson, fiskmatsstjóra,
Sverri Júlíusson, framkvæmdastjóra,
Othar Hansson, fiskiðnfræðing,
Hilmar Jónsson, sjómann,
Pétur Benediktsson, bankastjóra,
dr. Sigurð Pétursson og
dr. Þórð Þorbjarnarson.

Ráðuneytið skipaði jafnframt dr. Þórð Þorbjarnarson formann ráðsins. Fundaritari var ráðinn Sigurður Haraldsson, efnaverkfræðingur, annar framkvæmdastjóri Ferskfiskeftirlitsins, og hefur hann annast gagnasöfnun fyrir ráðið og undirbúið fundi þess. Á miðju ári 1963 tilkynnti Othar Hansson, að hann gæti ekki

lengur tekið þátt í störfum ráðsins, þar eð hann væri að taka við starfi erlendis, og skipaði þá ráðuneytið Einar Kvaran framkvæmdastjóra, í hans stað.

Ráðið hóf endurskoðunina á því að semja tillögu að reglugerð fyrir Ferskfisk-
eftirlitið, og gaf sjávarútvegsmálaráðuneytið hana síðan út þann 13. jan. 1961.

Endurskoðunin lá síðan að mestu niðri, það sem eftir var árs 1961, vegna annarra verkefna.

Í jan. 1962 hófst endurskoðunin aftur, og aflaði ráðið þá upplýsinga og gagna um lög og reglur varðandi eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum í nágrennalöndum okkar, Danmörku og Noregi, og einnig í Kanada og Bandaríkjunum. Þessi gögn hafa síðan verið höfð til hliðsjónar við endurskoðunina.

Um þróun fiskmats og eftirlits á Íslandi.

Fiskmatsráð taldi, að því væri nauðsynlegt vegna endurskoðunarinnar að vita í stórum dráttum, hvernig fiskmat hefur þróast hér á landi. Fer því hér á eftir mjög lauslegt yfirlit yfir þessa þróun, eins og hún birtist í lögum og reglugerðum um þessi mál:

Um 1850 kom fyrst opinberlega fram tillaga um það hér á landi, að komið yrði á mati á saltfiski, sem fluttur er úr landi. Lög um fiskmat voru þó ekki sett fyrr en 1909, en samkvæmt þeim skyldi allur saltfiskur, sem fluttur er út til Spánar og Ítalíu, vera metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskmatsmönnum undir umsjón yfirfiskmatsmanns. Síðan voru sett lög um fiskmat á árunum 1921, 1922, 1931 og 1936, sem öll fjölluðu um mat á saltfiski, og efnislega voru þau aukin og endurbætt útgáfa af lögnum frá 1909. Árið 1935 samþykkti Alþingi síðan lög um fiskimatsstjóra, en þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskmats í landinu.

Skreiðarframleiðsla var að hefjast hér á landi um þetta leyti og freðfiskiðnaðurinn á byrjunarstigi. Árið 1936 var gefin út reglugerð um mat á harðfiski og um embætti skreiðarmatsstjóra, og var skreiðarmatið óháð saltfiskmatinu. Árið 1944 var síðan gefin út reglugerð um mat á freðfiski, þar sem gert er ráð fyrir eftirlitsmanni með freðfiski til aðstoðar fiskimatsstjóra. Sama ár er starfsheiti aðstoðarmannsins breytt með reglugerð og heitir hann eftir það yfirfiskimatsmaður. En þróunin var ör, og 1945 var stofnað embætti freðfiskmatsstjóra, og var það hliðstætt embætti fiskimatsstjóra.

Heildarlög um fiskmat, meðferð, verkun og útflutning á fiski voru síðan sett árið 1948. Með þessum lögum var allt fiskmat í landinu sameinað undir stjórn fiskmatsstjóra og embætti fiskimatsstjóra, skreiðarmatsstjóra og freðfiskmatsstjóra lögð niður, og hétu nú yfirmenn matsgreinanna yfirfiskmatsmenn. Lög þessi eru lítið breytt enn í dag.

Lög um ferskfiskeftirlit voru síðan sett á árinu 1960. Ferskfisknefnd vann að undirbúningi Ferskfiskeftirlitsins. Hún varð þó ekki sammála um, að það yrði lagt undir fiskmatsstjóra, þótt ýmsir nefndarmenn teldu það þá eðlilegu lausn málsins. Það varð því að ráði, að Ferskfiskeftirlitið var gert að sérstakri stofnun undir yfirstjórn Fiskmatsráðs. Ekki var þó til þess ætlað, að þessi lausn yrði til frambúðar, og var endurskoðunarákvæðið í lögnum um ferskfiskeftirlit meðal annars sett til þess að kannað yrði til hlítar, hvort ekki væri hægt að sameina þessar stofnanir.

Sem stendur eru starfandi eftirtaldar opinberar eftirlits- og matsstofnanir: Fiskmat ríkisins, Ferskfiskeftirlitið, Sildarmat ríkisins, Lýsismatið og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem annast mat á niðursuðuvörum. Skyldumat er á freðfiski, skreið, saltfiski, lýsi, niðursuðuvörum og matjessild, en frjálst mat á annarri saltsild, auk þess er eftirlit með nýjum og ísuðum fiski og hann verð- og stærðaflokkadur.

Til samanburðar er fróðlegt að geta þess, að í Noregi er opinbert skyldumat á saltfiski, saltsild, lýsi og niðursuðuvörum, og eftirlit er með ferskum fiski og að

einhverju leyti með freðfiski. Ekkert opinbert mat er á skreið, en það hefur verið í athugun, hvort rétt sé að taka það upp. Allt opinbert mat og eftirlit með fiski og fiskafurðum í Noregi er á vegum fiskeridirektören í Bergen, nema niðursuðumatið, sem falið er Hermetikkindustriens Kontrollinstitut i Stavanger.

Um kostnað af eftirliti og mati á Íslandi.

Fiskiðnaðurinn rekur sjálfur umfangsmikið og kostnaðarsamt eftirlit til viðbótar við hið opinbera mat og eftirlit. Aðallega er hér um að ræða frystihúsin og sölusamtök þeirra, en síldarsaltendur leggja einnig í nokkurn kostnað. Fiskmatsráð taldi, að því væru nauðsynlegar upplýsingar um þennan kostnað í heild og hvernig hann skiptist og lét því gera athugun þar að lútandi, sem miðuð var við árin 1961 og 1964. Niðurstöðurnar fara hér á eftir. Á það skal bent, að margir liðir í töflunum eru áætlaðir, og getur nokkru skeikað um nákvæmni þeirra. Á þetta sérstaklega við um kostnað vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum.

Heildarkostnaður landsmanna af mati og eftirliti hefur samkvæmt athuguninni numið kr. 18.5 milljónum árið 1961, en kr. 29.1 milljón árið 1964. Þegar hann er reiknaður sem hundraðshluti af verðmæti útfluttra sjávarafurða, fæst talan 0.698% árið 1961, en 0.664% árið 1964. Kostnaðurinn skiptist í stórum dráttum þannig, að greiðslur vegna opinbers mats og eftirlits námu kr. 11.0 milljónum (0.416%) árið 1961, en kr. 17.8 milljónum (0.406%) árið 1964. Greiðslur vegna eftirlits sölusamtakanna og einstakra framleiðenda námu hins vegar kr. 7.45 milljónum (0.282%) árið 1961, en kr. 11.3 milljónum (0.258%) árið 1964.

Reynt hefur verið að gera samanburð á kostnaði við mat og eftirlit hér á landi og hjá þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar. Samanburður þessi miðast eingöngu við árið 1961:

Heildarfjárveiting norska ríkisins vegna fiskmats og eftirlits nam kr. 20.3 milljónum árið 1961. Þessi tala er einna helst sambærileg við kostnað okkar við opinbert mat og eftirlit, en hann nam kr. 11.0 milljónum, eins og að framan er sagt. Þegar þess er gætt, að sjávarafli Norðmanna var árið 1961 því nær helmingi meiri að magni en afli Íslendinga, virðast löndin verja hlutfallslega líkum upphæðum til opinbers mats og eftirlits. Ekki tókst að fá neinar upplýsingar frá Noregi um kostnað framleiðenda.

Ógerlegt reyndist að fá öruggar upplýsingar um kostnað Dana við mat og eftirlit, en samkvæmt ágizkun ráðuneytisstjórans í danska fiskimálaráðuneytinu, hefur kostnaður þess opinbera numið isl. kr. 6.9 milljónum árið 1961. Vegna þess, hve fiskveiðar og fiskiðnaður Dana er frábrugðinn því, sem hér gerist, er mjög erfitt um samanburð. Þó virðist mega ætla, að mikill meiri hluti þessarar upphæðar fari til greiðslu á kostnaði við ferskfiskeftirlit. Sambærilegur kostnaður hér á landi nam kr. 3.75 milljónum árið 1961, og virðast því Danir hafa varið nær tvöfalt hærri upphæð til ferskfiskeftirlits en við, en aflamagnið var mjög líkt hjá báðum þjóðunum þetta ár.

Kostnaður af fiskmati og eftirliti með fiski og fiskafurðum 1961.

	Kostn. við opinb. mat og eftirl. kr.	Kostn. við eftirl. framleiðenda og sölusamtakanna kr.	Kostnaður alls kr.
Kostnaður þess opinbera:			
Ferskfiskeftirlitið (1½% af útfl.verðm.)	kr. 3 750 000.00		
Fiskmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 2 279 376.31		
Síldarmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 742 486.24		
Lýsismat, skv. ríkisreikn.	— 3 690.00		
	<hr/>		
	6 775 552.55		
	<hr/>		
	6 775 552.55		6 775 552.55
Kostnaður einstakra framleiðenda:			
Vegna útflutningsmats á:			
Saltfiski (kr. 50.00/tonn)	kr. 1 850 000.00		
Skreið (kr. 100.00/tonn)	— 950 000.00		
Freðfiski (20% af dagv.kaupi eins verkam. í hverju húsi)	— 1 000 000.00		
Saltsíld	— 253 627.65		
Lýsi (áætlað)	— 170 000.00		
	<hr/>		
	4 223 627.65		
Vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum (áætlað)	kr. 4 000 000.00		
	<hr/>		
	4 223 627.65	4 000 000.00	8 223 627.65
Kostnaður sölusamtakanna:			
Freðfiskeftirlit sölusamtakanna (áætlað)	kr. 3 300 000.00		
Saltsíldareftirlit síldarútvegsnefndar (áætlað)	— 150 000.00	3 450 000.00	
	<hr/>		
		3 450 000.00	3 450 000.00
	<hr/>		
Samtals kr.	10 999 180.20	7 450 000.00	18 449 180.20

Kostnaður af fiskmati og eftirliti með fiski og fiskafurðum 1964.

	Kostn. við opinb. mat og eftirl. kr.	Kostn. við eftirl. framleiðenda og sölusamtakanna kr.	Kostnaður alls kr.
Kostnaður þess opinbera:			
Ferskfiskeftirlitið (1½% af útl.verðm.)	kr. 6 412 288.36		
Fiskmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 4 286 226.22		
Síldarmat ríkisins, skv. ríkisreikn.	— 1 251 390.25		
	<hr/>		
	11 949 904.83		
	<hr/>		
	11 949 904.83		11 949 904.83
Kostnaður einstakra framleiðenda:			
Vegna útflutningsmats á:			
Saltfiski (kr. 80.00/tonn)	kr. 1 920 000.00		
Skreið (kr. 160.00/tonn)	— 1 850 000.00		
Frøðfiski (20% af dagv.kaupi eins verkam. í hverju húsi)	— 1 600 000.00		
Saltsíld	— 257 087.75		
Lýsi	— 254 150.00		
	<hr/>		
	5 881 237.75		
Vegna skoðunarstúlkna í frystihúsum (áætlað)	kr. 7 000 000.00		
Vegna stærðarflokkunar	— 97 020.00	7 097 020.00	
	<hr/>		
	5 881 237.75	7 097 020.00	12 978 257.75
Kostnaður sölusamtakanna:			
Frøðfiskeftirlit sölusamtakanna	kr. 4 000 000.00		
Saltsíldareftirlit síldarútvegsnefndar	— 200 000.00	4 200 000.00	
	<hr/>		
		4 200 000.00	4 200 000.00
	<hr/>		
Samtals kr.	17 831 142.58	11 297 020.00	29 128 162.58

Viðræður við yfirfiskmatsmenn og forráðamenn sölusamtaka.

Á fundum ráðsins var hver fiskmatsgrein rædd sérstaklega, og mættu yfirfiskmatsmennirnir og forsvarsmenn hlutaðeigandi sölusamtaka á þessum fundum. Sildarmatið var einnig til umræðu á sérstökum fundi, og mætti sildarmatsstjóri þar.

Í umræðunum kom meðal annars fram, að framkvæmdastjórar sölusamtakanna fyrir saltfisk og skreið óskuðu ekki eftir neinum meiriháttar breytingum á framkvæmd matsins. Hins vegar lögðu þeir, ásamt fiskmatsstjóra og hlutaðeigandi yfirfiskmatsmönnum, sérstaka áherzlu á nauðsyn þess, að nægjanlegur fjöldi fiskmatsmanna væri ávallt til reiðu til þess að meta saltfisk og skreið. Töldu þeir, að brátt myndi horfa til vandræða með mat á þessari vöru vegna vöntunar á hæfum matsmönnum, nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að bæta kjör fiskmatsmanna.

Ekki ríkti sami einhugur með forráðamönnum frystihúsanna og embættismönnum Fiskmats ríkisins. Lögðu þeir síðarnefndu á það áherzlu, að útflutningsmatinu væri nauðsynlegt að hafa óháða opinbera matsmenn í hverju frystihúsi, eða því sem næst. Töldu þeir það fyrirkomulag, að verkstjórar frystihúsanna hefðu matsstörfin sem aukastörf, allsendis ófullnægjandi. Forráðamenn frystihúsanna voru hins vegar á öðru máli og vildu ekki, að hið opinbera yki afskipti sín af framleiðslu frystihúsanna að svo komnu máli.

Þar sem ekki er fjallað um þörf saltfisk- og skreiðarframleiðslunnar fyrir matsmenn í tillögum ráðsins, vill það taka hér fram, að það styður eindregið þau tilmæli, að kjör matsmanna verði bætt svo, að nægjanlegur fjöldi þeirra verði alltaf til reiðu til þess að meta saltfisk og skreið. Ráðið telur, að meðan lögboðið er, að saltfiskur og skreið skuli metin, hljóti hið opinbera að sjá til, að starfslið sé fyrir hendi til þess að framkvæma matið.

Um matsmennina í frystihúsunum er fjallað í skýringunum á tillögum ráðsins.

Niðurstöður og tillögur Fiskmatsráðs.

Eins og þegar er sagt, var það eitt af fyrstu verkefnum Fiskmatsráðs að undirbúa reglugerð um ferskfiskeftirlit, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið síðan gaf út í byrjun árs 1961. Að þessu verki loknu taldi ráðið, að það hlyti að takmarka endurskoðunina við lög um fiskmat, einkum vegna þess að tilgangslítið er að endurskoða reglugerðir, sem gefnar eru út samkvæmt lögum, sem sjálf eru í endurskoðun. Er það skoðun ráðsins, að vart sé tímabært að endurskoða fleiri reglugerðir, fyrr en lögín hafa hlotið endanlega afgreiðslu. Reglugerðir eru líka þess eðlis, að endurskoðun þeirra hlýtur að gerast á löngum tíma.

Endurskoðun laganna hefur verið við það miðuð að gera hið opinbera eftirlit og mat sem árangursríkast og að fiskiðnaðurinn fái sem mesta þjónustu fyrir það fé, sem varið er í þessu skyni. Einnig hefur verið tekið tillit til þess, að frystihúsin og sölusamtök þeirra reka umfangsmikið og kostnaðarsamt eftirlit, og því beri að haga hinu opinbera eftirliti og mati á þann hátt, að ekki verði um óþarfa tvi-verknað að ræða.

Ráðið tók þá ákvörðun að skila tillögum sínum í formi frumvarps að lögum. Reynt hefur verið að greina betur en áður hefur verið gert milli aðalatriða, sem heima eiga í lögum, og framkvæmdaatriða og aukaatriða, sem bezt eru komin í reglugerðum. Ýms ákvæði eldri laga, sem ráðið telur, að frekar eigi heima í reglugerðum, hafa því ekki verið tekin í frumvarpið.

Frumvarpið fer hér á eftir, og fylgja skýringar einstökum greinum, þar sem ástæða hefur þótt til.

Hér verður aðeins rætt um veigamesta atriði frumvarpsins, sameiningu á starfsemi Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins.

Ráðið telur, að stefna beri að því að eftirlits- og matsstörf þess opinbera á sviði fiskiðnaðar verði sameinuð í einni stofnun, og þó einkum þau störf, sem

skyldust eru, eins og ferskfiskeftirlit og útflutningsmat. Telur það, að við sameininguna verði matsstofnanirnar öflugri en þær eru nú, þær muni geta veitt betri þjónustu og nokkur von sé til þess, að sameiningin hafi fjárhagslegan sparnað í för með sér. Þá vill ráðið benda á, að tvívegis í sögu fiskmats hér á landi hefur svipuð sameining átt sér stað; í fyrra skiptið 1935 og í síðara skiptið 1948.“

Tillögur Fiskmatsráðs hafa verið til athugunar í ráðuneytinu. Hafa tillögurnar verið ræddar við fulltrúa hinna ýmsu framleiðslugreina svo og þá starfsmenn hins opinbera er málið varðar. Enn fremur hefur farið fram athugun á því, að hve miklu leyti framkvæmd tillagnanna gæti haft sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Var niðurstaðan sú, að spara mætti verulegar fjárhæðir, ef framkvæmd tækist vel.

Frumvarp það, er hér er lagt fram, er að meginstofni til eins og Fiskmatsráð gekk frá því. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru orðin fiskur, fiskafurðir, eftirlit og mat skilgreind. Nokkuð er á reiki, hve víðtæk merking er lögð í orðin fiskur og fiskafurðir, og hefur t. d. verið um það deilt, hvort humar og rækja væri fiskur í lagalegum skilningi og hvort lög um fiskmat næðu yfir þessar krabbategundir. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um það, að í frumvarpinu nái orðin fiskur og fiskafurðir yfir humar og rækju og afurðir úr þeim.

Í frumvarpi, sem fjallar um eftirlit og mat, þykir óhjákvæmilegt að skilgreina þessi hugtök.

Um 2. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa, enda í samræmi við framkvæmd þessara mála í dag og gildandi löggjöf.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um útgáfu reglugerða um framkvæmd laganna. Í gildandi reglugerðum og fyrirmælum er kveðið á um nær öll þau atriði, sem greinin mælir fyrir um að skipa skuli með reglugerð. Halda þær reglugerðir gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar hafa verið settar.

Í 7. lið greinarinnar er gert ráð fyrir, að bannað verði að verka fisk, sem er undir lágmarksstærð eða fisk, sem veiddur hefur verið á þeim svæðum eða árs-tímum, að ástæða sé til að ætla hann gallaðan. Stefnt er að því með ákvæðum þessum, að tryggja annars vegar samræmi milli gildandi friðunarráðstafana og reglugerða um eftirlit og mat og hins vegar að koma í veg fyrir, að verkaður sé fiskur, sem óhæfur er til matar, eins og t. d. skelfiskur, sem veiddur hefur verið of nærri mannabústöðum, og getur því verið sýktur.

Í 8. lið greinarinnar er gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum, sem banni fiskvinnslustöðvum að taka við meiri fiski en þær komast yfir að verka, áður en hann skemmist. Ákvæði þetta kann að virðast óþarft, en reynslan hefur sýnt, að það getur verið gagnlegt, t. d. þegar gera þarf þá kröfu til áhafna fiskiskipanna, að þær slægi aflann eða hluta af honum, til þess að fiskvinnslustöðvarnar í landi hafi undan að verka hann, þótt hin almenna regla fyrirskipi ekki slægingu.

9. liður greinarinnar gerir ráð fyrir, að ráðherra setji reglugerðir um þær kröfur, er gera ber til menntunar og reynslu starfsmanna Fiskmats ríkisins svo og annarra fiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun. Sjálfsagt þótti að setja þetta ákvæði í lög, enda ljóst, að ekki er síður nauðsynlegt að gera ákveðnar kröfur til faglegrar þekkingar þessara manna en t. d. til búnaðar og þrifa í fiskvinnslustöðvum og fiskiskipum og meðferðar og gæða hráefnis, svo að eitthvað sé nefnt.

Næstsíðasta málsgrein greinarinnar gefur fiskmatsstjóra heimild til útgáfu fyrirmæla um framkvæmdaatriði, ef þurfa þykir og ráðherra samþykkir.

Um 4. gr.

Í 4. gr. segir, að Fiskmat ríkisins skuli annast framkvæmd eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum samkvæmt lögnum. Þar er og fjallað um deildarskiptingu innan þess. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að Ferskfiskeftirlitið og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að eftirliti og mati á freðfiski, renni saman í eina deild, er nefnist ferskfisk- og freðfiskdeild. Verkaskiptingin milli þessara tveggja aðila hefur frá byrjun verið tilviljunarkennd, enda erfitt að skilja þar á milli á rökréttan hátt, jafn nátengd og störfín eru. Er því talið heppilegt, að störf þessi séu hjá einni og sömu deild. Með því móti munu starfskraftar nýtast betur og minni hættu verður á árekstrum.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir, að saltfisk- og skreiðarmat verði í einni og sömu deild. Mat á saltfiski og skreið er að mestu framkvæmt af sömu fiskmatsmönnum og hentar það vel, þar sem saltfiskmat fer að mestu fram mánuðina marz til júlí, en skreiðarmat mánuðina september til febrúar. Með því að skipa saltfisk- og skreiðarmati í eina deild verður að ætla, að starfskraftar innan deildarinnar nýtist vel og að störfín verði samstillt.

Greinin hefur að geyma heimild til að fjölga deildum Fiskmatsins, og er því auðvelt að stofna slíka deild, er það þykir tímabært. T. d. hefur sú skoðun komið fram, að hentugt gæti verið að skilja þrifa- og heilbrigðismálin frá öðrum verkefnum Fiskmats ríkisins og stofna um þau sérstaka deild innan vébanda þess.

Greinin ákveður, að eftirlit með niðursoðnum vörum og mat á meðalalýsi sé falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þessi störf byggjast að verulegu leyti á rannsóknnum, og hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í framkvæmd annast þær. Er gert ráð fyrir, að sú framkvæmd haldist óbreytt. Hins vegar er nauðsynlegt að fella úr gildi lög nr. 42 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem orðin eru úrelt og dauður bókstafur, og er gert ráð fyrir því í 19. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á Sildarmati ríkisins. Vel kæmi til greina, að sildarmatið sameinaðist Fiskmati ríkisins, ef það þætti hagkvæmt. Slík breyting verður þó ekki gerð nema með lögum. Yrði sildarmatið þá væntanlega sérstök deild innan Fiskmats ríkisins.

Um 5. gr.

Greinin telur upp verkefni ferskfisk- og freðfiskdeildar. Verkefnin eru þau sömu og Ferskfiskeftirlitið og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að mati og eftirliti á freðfiski, hafa nú á hendi. Þó er skýrt tekið fram, að ráðherra hafi óskorað vald til ákvörðunar um framkvæmd gæða- og stærðarflokkunar á ferskum og frystum fiski. Fer það eftir aðstæðum á hverjum tíma, að hve miklu leyti flokkun er framkvæmd, hvaða fyrirkomulag telst heppilegt í þessum eignum eða hvert framlag ríkið lætur í té.

Athygli skal vakin á því, að gert er ráð fyrir að deildin veiti leiðbeiningar um vinnslu á fiski, sem er í verkahring hennar, ef þörf gerist eða þess er óskað.

Um 6. gr.

Greinin telur upp verkefni saltfisk- og skreiðardeildar. Verkefnin eru þau sömu og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að mati og eftirliti á saltfiski og skreið, hefur nú á hendi. Enn fremur er deildinni ætlað að veita leiðbeiningar um verkun á saltfiski og skreið, þegar þörf gerist eða þess er óskað.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið svo á, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmi, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum. Þykir nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í frumvarpið, þar sem fyrirsjáanlegt er, að eftirlit með fiskframleiðslu hlýtur að byggjast í vaxandi

mæli á vísindalegum rannsóknum. Gerlarannsóknir og ferskleikaprófanir á fiski, svo og rannsóknir á vatni og salti eru dæmi um það, sem þegar er gert í þessum efnunum.

Um 8. gr.

Í þessari grein og tveimur næstu greinum er fjallað um stjórn og starfslið Fiskmats ríkisins, svo og um verkaskiptingu milli starfsmanna þess. Frumvarpið gerir ákveðnari og skýrari grein fyrir deildarskiptingu innan fiskmatsins en hin eldri lög gerðu.

Auk forstjórans, er nefnist fiskmatsstjóri, er gert ráð fyrir tveimur deildarstjórum, er veita forstöðu hvor sinni deild. Þessir þrír forstöðumenn Fiskmatsins koma í stað eftirtalinna manna, sem starfa samkvæmt gildandi lögum, en stöður þessara manna eru lagðar niður, ef frumvarpið verður að lögum: fiskmatsstjóra, þriggja yfirfiskmatsmanna, sem í samningi um laun ríkisstarfsmanna nefnast yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski svo og tveggja framkvæmdastjóra Ferskfiskeftirlitsins.

Eftirlit og mat eru svo þýðingarmiklir þættir í framleiðslumálum fiskiðnaðarins, að leggja ber á það áherzlu, að sem hæfastir menn veljist til þessara starfa. Sjálfsgagt þykir því að binda í lög, að forstöðumenn Fiskmatsins séu skipaðir að fenginni umsögn samtaka hinna ýmsu framleiðslugreina og að leitað sé umsagnar fiskmatsstjóra áður en aðrir starfsmenn Fiskmatsins eru skipaðir eða ráðnir til starfa.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um verkaskiptingu og verksvið fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna.

Í 3. málsg. segir, að yfirfiskmatsmenn skuli vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Gildandi lög ákveða að yfirfiskmatsmenn skuli vera átta alls og hvar þeir skuli vera staðsettir. Þessu lagaboði hefur ekki verið fylgt bókstaflega. Aukin útgerð og fjölbreyttari útflutningur hefur krafizt fjölgunar yfirfiskmatsmanna. Það er því ekki æskilegt eða heppilegt að binda fjölda yfirfiskmatsmanna í lögum. Gert er ráð fyrir, að heimilt sé að takmarka starfssvið þeirra við ákveðnar framleiðslugreinar.

4. málsg. greinarinnar er samhljóða 9. gr. laga nr. 46 1948.

Um 10. gr.

10. gr. fjallar um störf fiskmatsmanna, er starfa á vegum Fiskmats ríkisins. Er gert ráð fyrir, að nánar verði kveðið á um ráðningu þeirra, starfssvið, og annað í reglugerð. 2. málsg. greinarinnar er nær samhljóða síðustu málsgrein 12. gr. laga nr. 46 1948 og síðasta málsgrein greinarinnar er nær samhljóða 13. gr. sömu laga.

Um 11. gr.

Í 11. gr. segir, að fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Með hliðsjón af þessu þykir ástæðulaust að taka upp ákvæði eldri laga um undirritun eiðstafs eða kveða sérstaklega á um skaðabótaábyrgð þeirra.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram, að tilgangurinn með opinberu mati og eftirliti er í veigamiklum atriðum sá, að tryggja eftir föngum, að ekki sé flutt út vara, sem ekki stent tilskildar kröfur um gæði. Eftirlitið eða matið felur hins vegar ekki í sér neina lagalega tryggingu fyrir gæðum vörunnar. Hin fjárhagslega eða viðskiptalega ábyrgð er eftir sem áður hjá framleiðanda eða útflytjanda.

Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um tilkynningaskyldu við útflutning og hleðslu vörunnar í skip. Enn fremur er sérákvæði um hleðslustjóra, starfssvið þeirra og löggildingu. Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi ákvæði og framkvæmd þessara mála í dag.

Um 14. gr.

Í 14. gr. eru ákvæði um skyldur framleiðenda og útflytjenda til þess að veita starfsmönnum Fiskmats ríkisins upplýsingar og aðstoð, sem þeir þurfa á að halda í starfi. Enda þótt vitað sé, að upplýsingar þær, sem hér er átt við, hafi undantekningarlítið verið veittar, þykir nauðsynlegt að setja þessi ákvæði í lög til þess að taka af öll tvímæli um rétt Fiskmats ríkisins til þess að krefjast þeirra.

Um 15. gr.

Fyrstu tvær málsgreinar þessarar greinar fjalla um stöðvunarvald Fiskmats ríkisins og eru þær efnislega í samræmi við gildandi ákvæði og framkvæmd þessara mála í dag.

Í lok greinarinnar er gert ráð fyrir, að fiskmatsstjóri hafi úrskurðarvald, ef ágreiningur ris vegna fiskmats og eftirlits. Ef ágreiningur verður milli Fiskmats ríkisins og framleiðenda um skilning á lögum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, má þó skjóta honum til úrskurðar sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Fiskmatsráð hefur rætt það á fundum sínum, hvort æskilegt væri að koma á sérstakri dómnefnd, er fjallaði um meiri háttar ágreining, er rísa kynni út af mati og eftirliti, í líkingu við það sem Danir hafa komið á hjá sér. Fiskmatsráð komst að þeirri niðurstöðu, að slík dómnefnd væri ekki æskileg við þær aðstæður, sem hér eru.

Um 16. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, segir að sýnishornataka af öðrum sjávarafurðum en heinlínis heyra undir Fiskmat ríkisins, eins og t. d. niðursuðuvörum, fiskimjöli og lýsi, þegar nauðsyn ber til, framkvæmd samkvæmt fyrirmælum fiskmatsstjóra. Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að lengi hefur vantað löggiltan aðila, sem tekið gæti sýnishorn af útfluttum sjávarafurðum, og hefur það verið til mikils óhagræðis og verulegs tjóns fyrir sjávarútveginn. Vegna dreifbýlisins er erfitt að koma á sérstakri þjónustu við töku sýnishorna nema með ærnum tilkostnaði. Fiskmat ríkisins mun hins vegar hafa starfsmenn á flestum höfnum landsins, og er það án efa heppilegasti aðilinn til þess að taka að sér þetta starf.

Um 17. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir Fiskmatsráð störfum. Hagkvæmt gæti verið, að ráðgjafarnefnd skipuð fulltrúum hinna ýmsu greina sjávarútvegsins svo og fulltrúa frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sé starfandi sem tengiliður milli Fiskmats ríkisins og sjávarútvegsins. Nefnd þessi yrði til ráðuneytis, bæði að því er varðar framkvæmdaratriði og til að koma á framfæri æskilegum nýmælum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir í þessari grein, að ráðherra geti skipað slíka ráðgjafarnefnd sem hér um ræðir.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Af afnámi laga nr. 42 1960 um ferskfiskeftirlit leiðir, að sjóðurinn, sem stofnaður var með 7. gr. laganna, til þess að standa straum af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins, fellur niður. Tekjur sjóðsins hafa verið 1½% af fob-andvirði útfluttra sjávarafurða. Á hinn bóginn verður á engan hátt talið fært að leggja þennan kostnað á ríkissjóð. Starfsemi Ferskfiskeftirlitsins er fyrst og fremst í þágu út-

gerðar og fiskvinnslu, einkum til að tryggja hagsmuni þessara aðila innbyrðis og er því eðlilegt að útflutningsframleiðslan beri þennan kostnað. Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir óbreyttu útflutningsgjaldi til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits. Reynist kostnaður við framkvæmd ferskfiskeftirlits meiri en sem nemur tekjum af gjaldinu, svo sem reynslan hefur sýnt að undanfögnu, verður ríkissjóður að bera hallann.

Um 20 gr.

Með því að lög þessi koma í stað eldri laga um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski og um ferskfiskeftirlit, ber nauðsyn til að fella þau úr gildi. Enn fremur þarf að fella úr gildi lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem eru orðin úrelt og dauður bókstafur, sjá athugasemdir við 4. gr.

Um 21. gr.

Lög þessi eru það umfangsmikil að hagkvæmt virðist, að þau taki gildi á fyrirfram ráðgerðu tímamarki. Gerir það undirbúning að framkvæmd þeirra auðveldari.